

Mál nr. 17/2013

Ár 2014, þriðjudaginn 18. febrúar, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 17/2013

HRFÍ

gegn

A og B

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 15. október 2013 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærðu (A og B) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para tíkin Z við rakkann X án þess að tíkin væri með gilt augnvottorð við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 16. október 2013 og þeim gefinn andmælafrestur til 13. nóvember. Ekkert svar barst innan tilskilins frests og var kærðu send ítrekun með bréfi dags. 23. janúar 2014 þar sem þeim var gefinn viðbótarsvarfrestur til 30. janúar. Kærðu virtu ekki heldur viðbótarfrest og þar eð siðanefnd taldi að útséð væri um að kærðu myndu halda uppi vörnum í málinu né útskýra meint brot sitt þá var ákveðið að taka málið til úrskurðar byggt á þeim gögnum sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 26. mars 2013 var Z pöruð við rakkann X. Hundarnir eru af kyninu Alaskan malamute og er tíkin í eigu kærðu. Við pörunina var tíkin ekki með gilt augnvottorð. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærðu brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærðu nýttu sér ekki andmælarétt sinn þrátt fyrir ítrekaðan framlengdan frest, né reyndu þau að útskýra á nokkurn hátt meint brot sitt.

III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda segir um hundakynið Alaskan malamute:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun undaneldishunda. (Gildir frá 01.03.2009). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvólpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann (Gildir frá 01.09.2012).“

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun átti sér stað hinn 21. desember 2012 hafði tíkin ekki gilt augnvottorð en samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu Alaskan malamute skal augnskoðun hafa farið fram og vottorðið má ekki vera eldra en 12 mánaða. Augnvottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru við heilsufarsskoðun hundakynsins. Hafa kærðu því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ .

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Fyrir liggur að kærðu hafa farið með tíkina í augnskoðun eftir pörunina þar sem í ljós kom til allra heilla að hún stóðst skoðun. Siðanefnd telur það þó ekki breyta brotinu að tíkin hafi staðist skoðun eftir á. Reglan hljóðar á um að vottorð liggja fyrir við pörun þannig að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan sjúkdóm.

En þar sem kærðu hafa ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins þykir hæfileg refsing vera áminning.

IV. Niðurstaða

Kærðu A og B teljast hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærðu eru áminnt.

f.h siðanefndar

Anna María Flygenring

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir